

Reykjavík, 30. desember 2016

Reykjavíkurborg
velferðarsvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

I

Eins og velferðarsviði Reykjavíkurborgar er kunnugt um hef ég að undanförnu haft til athugunar kvörtun A er lýtur að afgreiðslu Reykjavíkurborgar á umsókn hans um félagslegt leiguhúsnæði. Ég hef með hjálögðu bréfi, dags. í dag, lokið athugun minni á kvörtun A, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, vegna þess að ekki eru lagaskilyrði að svo stöddu til að taka erindið til umfjöllunar á grundvelli kvörtunar.

Í tengslum við mál þetta og önnur mál sem ég hef haft til athugunar er varðar félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg hef ég átt í þó nokkrum samskiptum við borgina. Hef ég þá m.a. haft í huga hvort tilefni sé til að taka húsnæðisúrræði á vegum Reykjavíkurborgar sem standa einstaklingum í virkri áfengis- eða vímunefnaneyslu til boða og umgjörð þeirra mála til athugunar að eigin frumkvæði. Nánar tiltekið hef ég haft í huga hvaða úrræði eru í boði fyrir þessa einstaklinga og hvernig staðið er að meðferð mála þeirra í því ljósi að þessir einstaklingar standa almennt höllum fæti á þessum stað í lífi sínu og kunna að eiga erfitt með að fylgja málum sínum eftir með sama hætti og einstaklingar sem eru ekki í sambærilegri stöðu. Enn fremur hef ég litið til þess hvaða skyldur hvíla á sveitarfélögum að lögum til að mæta þörfum þessara einstaklinga með heildstæðum hætti og þar með að hlutast til um að þeir fái dvalarstað þar sem þeir njóta friðhelgi einkalífs og sem með réttu er unnt að kalla „heimili“ þeirra í skilningi þeirra krafna sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Sem lið í athugun minni óskaði ég með bréfi, dags. 5. febrúar 2015, m.a. eftir upplýsingum um sértækt búsetuúrræði Reykjavíkurborgar og hvaða reglur gilda um þau. Þá óskaði ég eftir að Reykjavíkurborg skýrði nánar með hvaða hætti aðstoð við áfengissjúka og vímuþjafavarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, einkum 50. og 51. gr., hefði verið útfærð af hálfu sveitarfélagsins. Í bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 16. mars 2015, var gerð grein fyrir þeim sértæku búsetuúrræðum sem væru í boði af hálfu borgarinnar. Þá kom fram

að um sértæk búsetuúrræði gildi verklag varðandi ferli umsókna og úthlutun í sértæk húsnæðisúrræði frá júní 2011 en ekki væri sérstaklega vikið að þessum úrræðum í núgildandi reglum borgarinnar. Enn fremur kom fram að verið væri að endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur og myndi þá samhliða verða settar reglur um sértök húsnæðisúrræði.

Ég óskaði einnig eftir upplýsingum og gögnum 21. september sl. um „housing first“ verkefnið. Umbeðin gögn og upplýsingar bárust með tölvubrэфum 4. og 13. október sl. Í tillögu að tilraunaverkefninu „housing first“, sem var samþykkt í velferðarráði Reykjavíkurborgar 28. apríl sl., kemur m.a. fram að verkefnið felist í að fjórar almennar félagslegar leiguíbúðir verði færðar úr almennri úthlutun yfir í sértæka úthlutun fyrir fólk sem er í neyslu. Verði fólkinu veittur stuðningur við að halda heimili og að úthlutun muni fara fram í úthlutunarteymi sértækra húsnæðisúrræða. Þannig feli verkefnið í sér að fólk í neyslu fái úthlutað hefðbundnu félagslegu húsnæði en þurfi engu að síður að þiggja aðstoð og ákveðna eftirfylgni sem byggð er á hvatningu en ekki þvingunum. Þá er ekki gert að skilyrði að látið sé af vímuefnanotkun.

Ég hef einnig fylgst með umfjöllun í fjölmiðlum síðustu misseri um þessi málefni. Í þættinum „Speglinum“ á Rás 2 14. desember sl. var rætt við forstöðumann Gistiskýlisins við Lindargötu. Í máli forstöðumannsins kom m.a. fram að búið væri að úthluta tveimur íbúðum í gegnum verkefnið en reynst hefði þörf á meira utanumhaldi og þjónustu við íbúa en gert hefði verið ráð fyrir og því hefði ekki verið farið í að úthluta fleiri íbúðum að svo stöddu en stefnt væri að því eftir áramót. Þá kom fram að um 25-30 manna hópur dveldi langtímum í skýlinu en þyrftu önnur varanleg úrræði en með mismikilli þjónustu. Í sama þætti 16. desember sl. var rætt við formann velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Í máli formannsins kom fram að stefnt væri að því gjörbreyta þessa kerfi, m.a. með því að leggja Gistiskýlið niður í þeirri mynd sem það væri í nú en hafa þess í stað lítil neyðarskýli fyrir t.d. 8-10 manns. Þá kom fram að það ætti að fjölga félagslegum íbúðum um 500 fram til ársins 2021.

II

Eftir að hafa m.a. kynnt mér þau gögn og þær upplýsingar sem ég hef fengið frá Reykjavíkurborg hef ég ákveðið að taka ákveðin almenn atriði er varða húsnæðisvanda þeirra einstaklinga sem eru í virkri áfengis- og vímuefnaneyslu til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Við þá athugun mun ég m.a. styðjast við þær upplýsingar og skýringar sem ég hef fengið í tengslum við athugun mína á máli A. Jafnframt óska ég nú, á grundvelli 7. gr. laga nr. 85/1997, eftir frekari upplýsingum um það hvort þeirri endurskoðun reglna borgarinnar um félagslegt húsnæði, sem vísað er til í bréfi til mín 16. mars 2015 sé lokið. Ef þeirri endurskoðun er lokið óska ég eftir að fá afrit af reglunum. Ef henni er ekki lokið óska ég eftir upplýsingum um hvenær þess megi vænta.

Ég óska einnig eftir því að Reykjavíkurborg upplýsi mig um hver sé nú staða tilraunaverkefnisins „housing first“ og annarra sértækra búsetuúrræða sem eru í boði á vegum borgarinnar fyrir einstaklinga sem í virkri neyslu. Í því sambandi óska ég m.a. eftir upplýsingu um fjölda þeirra rýma sem eru í boði, hvar þau eru staðsett og hversu margir séu á biðlista eftir þeim. Einnig hef ég í huga hvort og þá hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á þessum úrræðum, t.d. Gistiskýlinu eins og fram kom í máli formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar í áðurnefndum útvarspætti og er varðar smáhýsin á Granda sem samkvæmt frétt á vef Ríkisútvarpsins frá 13. október sl. voru ekki í notkun vegna fyrirhugaðra flutninga.

Jafnframt óska ég eftir upplýsingum um þann fjölda einstaklinga sem að jafnaði nýtir neyðarúrræði á vegum borgarinnar, eins og t.d. Gistiskýlið og Konukot, til langdvalar, þ.m.t. hversu margar nætur þessir einstaklingar dvöldust í þessum úrræðum á árunum 2015 og 2016. Jafnframt hvort þessir einstaklingar séu á biðlistum eftir varanlegu húsnæðisúrræði og þá hversu lengi þeir hafa beðið eftir því að komast í varanlegt úrræði. Hef ég þá m.a. í huga að af skýringum Reykjavíkurborgar til mín, dags. 16. maí 2016, verður ekki annað ráðið en að slík neyðarúrræði uppfylli ekki kröfur 1. mgr. 76. gr., sbr. 1. mgr. 71. gr., stjórnarskrárinnar sem gera verður til varanlegra húsnæðisúrræða, s.s. að þar sé hægt að njóta friðhelgi einkalífs og eiga þar heimili. Að lokum, og í framhaldi af svari Reykjavíkurborgar til mín, dags. 24. febrúar 2016, óska ég eftir uppfærðum tölulegum upplýsingum um Gistiskýlið og Konukot auk upplýsinga um það hversu margar nætur A dvaldi í Gistiskýlinu á árinu 2016.

Þess er óskað að svar ásamt gögnum berist mér eigi síðar en 20. janúar nk.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Gunnarsson